

Ár 2024, fimmtudaginn 15. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af meðlimum nefndarinnar Gunnari Guðmundssyni, Ernu Birgisdóttur og Þresti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 4/2024:

Knattspyrnudeild Hamars
gegn
Knattspyrnudeild Fjölnis

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Hamars, kt. 440592-2289
Íþróttamiðstöðinni
810 Hveragerði
Fyrirsvarsmaður: Eydís Valgerður Valgarðsdóttir

Kærði:

Knattspyrnudeild Fjölnis, kt.690193-3299
Fossaleyni 1
112 Reykjavík
Fyrirsvarsmaður: Guðmundur L. Gunnarsson

Skrifstofu KSÍ barst kæra frá kæranda þann 18. júlí sl. Ekki barst greinargerð frá kærða, knattspyrnudeild Fjölnis til skrifstofu KSÍ vegna málsins, þrátt fyrir að hafa verið gefinn kostur á því.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik Fjölnis og Hamars/Ægis í Íslandsmóti 4. flokks kvenna B-liða í C riðli, sem leikinn var 16. júlí sl. í Dalhúsum, verði breytt og Hamar/Ægi úrskurðaður 0-3 sigur í leik liðanna.

Eins og áður segir þá barst ekki greinargerð frá kærða í málinu.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik Fjölnis gegn Hamar/Ægi í Íslandsmóti 4. flokks kvenna B-liða, þann 16. júlí sl., hafi Fjölnir teft fram leikmönnum sem leikið höfðu síðasta A-liðs leik í Íslandsmóti með Fjölni. Þá hafi Fjölnir einnig teft fram leikmanni sem eigi að baki leiki með 3. flokki kvenna í liði Fjölnis í sumar.

Samkvæmt grein 7.5.2. reglna KSÍ um takmörkun á hlutgengi leikmanna sé einungis heimilt að tefla fram leikmönnum sem voru ekki á meðal byrjunarliðsmanna og/eða tóku þátt í fyrri hálfleik liða sem eru ofar í keppnisröð í sama aldursflokki í næsta leik á undan. Þá vilji kærandi einnig vekja athygli á og vísa til greinar 4.1. um framkomu og ábyrgð félaga og forystumann sem skulu koma fram að hollustu og heiðarleika og sönnnum íþróttanda. Yngriflokka starf miði að því að skapa iðkendum tækifæri til að spila á jafningjagrundvelli í traustu og hvetjandi umhverfi.

Eftirtaldir leikmenn hafi verið í byrjunarliði A-liðs Fjölnis í leik gegn ÍR þann 3. júlí 2024 síðastliðinn og hafi einnig spilað með B-liði Fjölnis gegn Hamri þann 16. júlí 2024.

Samkvæmt leikskýrslu KSÍ:

3' Theodóra Ólöf Sigurbjörnsdóttir

7' Karítas Svava Karlsdóttir

18' Rebekka Rún Agnarsdóttir

35' Fanney Rut Kristinsdóttir

Kærandi vísar til leikskýrslna á vef KSÍ máli sínu til staðfestingar.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna þess að því er haldið fram að hið kærða félag Fjölnir hafi teflt fram ólöglega skipuðu liði í leik Fjölnis og Hamars/Ægis í Íslandsmóti 4. flokks kvenna B-liða C riðli, sem leikinn var 16. júlí sl. á Fjölnisvelli. Kærði hefur ekki hreyft við andmælum í málinu og ekki liggur fyrir greinargerð frá félaginu vegna málsins. Þá liggur fyrir í gögnum málsins að í umræddum leik hafi a.m.k. fjórir leikmenn tekið þátt í leiknum sem einnig höfðu verið á meðal byrjunarliðsmanna í næsta leik á undan með A-liði félagsins í sama aldursflokki. Stangast það á við ákvæði 7.5.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, en þetta átti sér stað í leik ÍR og Fjölnis í Íslandsmóti í 4. flokki kvenna A-liða í C riðli, sem fram fór þann 3. júlí 2024.

Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í umræddum leik málsaðila á þann veg að kæranda, Hamar/Ægi, er úrskurðaður 0-3 sigur í leik liðanna þann 16. júlí 2024 í Íslandsmóti 4. flokks kvenna B-liða.

Skýlt er samkvæmt grein 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að úrskurða kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 25.000,- í sekt til KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Fjölnis og Hamars/Ægis í Íslandsmóti 4. flokks kvenna B-liða í C riðli, sem leikinn var á Fjölnisvelli þann 16. júlí sl., er breytt og Hamar/Ægi úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum.

Kærði, Fjölnir, greiði kr. 25.000,- í sekt til KSÍ.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Erna Birgisdóttir [sign]

Þröstur Ríkharðsson [sign]